

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á Auðarhátíð –  
afmælishátíð í tilefni sjötugsafmælis Auðar Hauksdóttur. Haldið í Veröld –  
húsi Vigdísar föstudaginn 12. júní 2020 kl. 11.**

Vigdís Finnbogadóttir, kæra Auður, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að mega fyrir hönd Háskóla Íslands segja fáein orð hér í upphafi þessarar hátíðar sem haldin er í tilefni sjötugsafmælis Auðar Hauksdóttur.

Auður getur sannarlega litið með stolti á glæsilegan feril sinn við Háskóla Íslands. Hún á ekki aðeins að baki farsælan feril sem prófessor í dönsku við Mála- og menningardeild, heldur hefur hún einnig gegnt fjölmögum stjórnunar- og trúnaðarstörfum innan og utan Háskóla Íslands. Hún var m.a. formaður Félags dönskukennara um árabil, í stjórn Hins íslenska kennarafélags, í stjórn Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands, í afmælisnefnd vegna 90 ára afmælis Háskóla Íslands árið 2001, formaður Skorar þýsku og Norðurlandamála um nokkurra ára skeið og hún var forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum allt frá stofnun árið 2001 til 2018.

Á vettvangi stofnunarinnar hefur lagt fram sína miklu krafta og er óhætt að segja að þar hafi hún unnið mörg og glæst afrek. Auk Vigdísar sjálfrar var það einkum Auður sem beitti sér fyrir byggingu þessa glæsilega húss sem við erum stödd í og ber nafnið Veröld – hús Vigdísar. Byggingin var formlega tekin í notkun á sumardaginn fyrsta árið 2017 en nafnið var valið í kjölfar nafnasamkeppni sem efnt var til í aðdraganda vígslu hússins. Hér í húsinu eru ekki aðeins kennslustofur og skrifstofur kennara í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands heldur hafa hér einnig aðsetur áðurnefnd Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Vigdísarstofnun, sem er alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar og hefur verið starfrækt frá árinu 2017 í samvinnu við íslensk stjórnvöld og UNESCO, Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna. Síðast en ekki síst átti Auður sæti í nefnd um verðlaun sem kennd eru við Vigdísí Finnbogadóttur og veitt voru í fyrsta sinn 15. apríl síðastliðinn á 90 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur og vann ötullega að því að tryggja stuðning Carlsberg sjóðsins til öndvegissetur við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnar – Háskóla Íslands og íslensku samfélagi til mikilla heilla.

Þessi afrekaskrá, sem ég hef þó aðeins tæpt á í þessu stutta ávarpi, sýnir svo ekki verði um villst að Auður er kona eigi einhöm heldur hamhleypa til allra verka sem hún tekur sér fyrir hendur.

Kæra Auður, ég vil ljúka máli mínu á því að óska þér innilega til hamingju með afmælið og færa þér miklar þakkar fyrir allt þitt góða starf fyrir Háskóla Íslands. Kærar þakkar fyrir einstakt samstarf á undanförnum árum.